

Fundur 8.12.2025 James Corbin Breti lauk fundi, var uppi fyrir um 240 árum.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Ætlum við að ljúka fundinum og höfum við oft lokið fundum af þessu tæi og látið ykkur ekki bregða þó örlítil breyting verði á, en það kemur í ljós hvernig það verður.

Er hér einnig framfara mannkyn mikið og það sem nefna mætti blómabrekka.

*En hver ert þú ?*

Ég hef oft lokað fundum af þessu tæi, ég er Breti sem uppi var fyrir um það bil 240 árum, James Corbin.

*Nú, ekki man ég nú eftir því.*

Nei hef ekki komið áður, en hef unnið í þessum málum fyrir aðra oft, ekki ykkar fundi.

*Þú veist að viljum ekkert tengjast Sigurbirni ?*

Nei við erum ekkert tengd því.

*Takk fyrir það er gott.*

Við erum á sömu línu og þið, en sömu línu, framfara línu, Nýals stefnunnar, en það eru gerðar tilraunir til að víkka út tengsl ykkar, en kannski mun Guðrún koma næst að loka fundinum, eins og venjulega.

Er ég lífstefnumaður á allan hátt og ekki tengdur kristnu kirkjunni á þann hátt sem þið haldið, en er þetta tilraun til þess að víkka út aflsvæði jarðarinnar til annara og mun væntanlega Guðrún Helgadóttir koma næst í sambandið að loka fundinum.

Hef ég starfað fyrir mína þjóð á sama hátt og hún, eru hér mestmegnis minnar þjóðar fólk, en skynjum við til annara á sama tíma og erum komin á það stig að þjóðerni skiptir ekki öllu máli, heldur samstilling og kærleikur.

Og er þetta tilraun okkar til að víkka út aflsvæðið, en munum tengjast henni næst til að ljúka fundinum, og vil ég biðja ykkur að hugsa til hennar og blómabrekunnar á þeim hnetti, og munu þá einnig birtast Danirnir.

*Ég verð nú að segja það James að ég er nú svolítið vonsvikinn að hafa ekki fengið neitt persónulegt samband í kvöld.*

Persónulegt samband já, já það hefur, það er ekki alltaf auðvelt, orkan ekki nægileg að þessu sinni, en við vonum að það verði betra næst og,

*Má ég spurja við hvað starfaðir þú þegar þú varst hérna á jörðinni ?*

Já ég var bóndi.

*Varst þú þekktur ?*

Neei ekki var ég nú sérlega þekktur, en ég á nokkra ættingja sem urðu þekktari, en ég fór í spíritista hreyfinguna síðar í framlífi og fór svo úr þeirri hreyfingu í þetta starf og hef ýmsa sögu þannig að baki. Vann svo við ýmis störf sem sjómaður og fleira um skeið og skrifstofu.

Verðum við nú að kveðja að sinni, munum án efa fá Guðrúnu næst til að ljúka fundi, verið þið sæl og slítum við nú fundi, takk fyrir.

*Takk fyrir og vertu sæll*